

# Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 06 - 2021

*Staður:* Reykir

*Tími:* Þriðjudagur 8. júní 2021 kl. 10:00-13:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Kristófer Arnarson, Halldór Þorgeirsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir og Torfi Jóhannesson sem var á TEAMS frá Kaupmannahöfn. Margrét Björnsdóttir boðaði forföll

Gestir fundar: Daði Már Kristófersson, aðstoðarrektur sat allan fundinn og fulltrúar frá Orkídeu, Sveinn Aðalsteinsson og Helga Gunnlaugsdóttir undir lið 1.

## 1. Kynning á samstarfsverkefnum og umræður um framtíðartækifæri [kynning og umræður]

Sveinn og Helga kynntu vinnu Orkídeu og áhersluatriði sem samþykkt hafa verið, en þau miða að því að styðja við nýsköpun og stuðla að samvinnu með áherslu á nýtingu hreinnar orku í framleiðslu á matvælum eða í líftækni. Vinnan hefur gengið vel og fyrstu styrkir til nýrra verkefna fengust nýlega úr Lóu-sjóði ANR. Umræður um ýmis tækifæri s.s. þurrkun á korni, ylrækt og frostþurrkun.

## 2. Tilfærsla starfsmenntanáms í garðyrkju [kynning og umræður]

Vinna við tilfærslu starfsmenntanáms í garðyrkju hefur verið flóknari og tekið lengri tíma, sérlega vegna mismunandi kjarasamninga og krafna til kennsluréttinda sem gerðar í framhaldsskólum. Leitast er við að tryggja starfsöryggi kennara við tilfærsluna.

Háskólaráð fór yfir stöðuna í undirbúningi að aðkomu FSU að garðyrkjunáminu að Reykjum. Það voru ráðinu vonbrigði að ekki reyndist mögulegt að FSU yfirtæki ráðningarsamninga starfsmanna og ráðið ítrekar mikilvægi þess að fullnægjandi ráðstafanir verði gerðar til að tryggja hagsmuni starfsmanna til fulls. Það felast mikil verðmæti í því starfsfólki sem staðið hefur undir garðyrkjunáminu fram til þessa og mikið hagsmunamál að tryggja samfellu og áframhald í starfi þeirra. Ráðið óskar eftir því að ráðuneytið og FSU upplýsi ráðið um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til svo tryggja megi slíka samfellu.

Fram kom að fordæmi eru fyrir sveigjanleika varðandi öflun kennsluréttinda þar sem á vantar og óskar Háskólaráð eftir því að rektor beiti sér fyrir því að slíkum sveigjanleika verði beitt í þessum tilfellum.

Ráðið mun fylgjast náið með framvindu málsins og væntir þess að hafa aðgang að bestu fánlegu upplýsingum um stöðu mála og fyrirætlanir þeirra stofnana og stjórnvalda sem að málinu koma.

## 3. Önnur mál til kynningar

- Fundur um umræðuskjal um landbúnaðarstefnu, Ræktum Ísland!, var haldinn á Hvanneyri 1. júní sl. Var fundurinn afar vel heppnaður og vel sóttur.
- Fundir hafa verið haldnir með Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um eflingu nýsköpunar á landsbyggðinni og aukið samstarf við Háskólann á Bifröst og aðra hagaðila á því sviði.
- ANR hefur óskað eftir því að Lbhí taki að sér verkefnisstjórn við mótun fæðuöryggisstefnu.



- d. Unnið er að fjármögnun Jarðræktarmiðstöðvar og Mið-Fossa í samstarfi við MNR.
- e. Ársfundur og háskólafundur voru haldnir 28. maí og tókust vel.
- f. Brautskráning fór fram sl. föstudag.
- g. Viðhaldsúttekt jafnlaunavottunar fór fram um daginn og var án athugasemda
- h. Gæðamatsskýrslur deilda hafa fengið athugasemdir erlendra sérfræðinga og unnið er að lokaskilum.

Gönguferð um staðinn og hádegisverður.

Þetta var síðasti fundur starfsársins, boðað verður til fyrsta fundar næsta starfsárs í ágúst.

